

**Nr. 093 / 10 Sæfari BA 110****Skemmdir í höfn****Sæfari**

Skipaskr.nr. 6857  
Smíðaður: Hafnarfirði 1987, plast  
Stærð: 5,9 brl. 5 bt.  
Mesta lengd: 8,32 m Skráð lengd: 7,88 m  
Breidd: 2,58 m Dýpt: 1,53 m  
Vél: Volvo Penta 119 kW, 1999  
Fjöldi skipverja:



Sæfari © Þorgeir Baldursson

**Svalur**

Skipaskr.nr. 2701  
Smíðaður: Reykjavík / Siglufjörður  
Stærð: 11,3 brl. 12,8 bt.  
Mesta lengd: 11,23 m Skráð lengd: 11,2 m  
Breidd: 3,3 m Dýpt: 1,31 m  
Vél: Cummins 302 kW, 2005  
Fjöldi skipverja:



Svalur © Hafbór Hreiðarsson

**Gögn:**

Lögregluskýrsla  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. febrúar 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

**Atvikalýsing:**

Þann 12. maí 2010 voru Sæfari BA 110 og Svalur BA 120 við bryggju á Brjánslæk. Veður: SV 10-13 m/s.

Sæfari BA lá utan á Sval BA í höfninni og um nóttina slitnaði „renniband“ sem landfesti Svals BA var bundinn í að aftan með þeim afleiðingum að báðir bátarnir lögðust upp að grjóthleðslu. Talsverðar skemmdir urðu á Sæfara BA en engar á Sval BA.

**Við rannsókn kom fram:**

- að lóðrétt niður af hornbryggjupolla er lykkja soðin í stálþil bryggjunnar um einn metra ofan smástraums fjörumarka. Þar á milli er strengt tóg sem kallast „renniband“. Sökum mikils flóðamunar er lykkju á landfestinni hnýtt utan um rennubandið og landfestin þá höfð hæfilegar strekkt.

Landfestin rennur síðan eftir „rennibandinu“ upp eða niður í takt við sjávarföllin;

- að rennibandið var 14 til 16 mm svert netafæratóg úr sleipu grænu næloni. Slitþol 16 mm „Gleipnistógs“ er 4200 kg og 16 mm „Kollínutógs“ er 3600 kg en báðar þessar gerðir tóga eru framleiddar úr grænu nælonefni;
- að skipstjóri Svals BA sagði að hann hafi skoðað rennibandið áður en hann hnýtti festinni utan um það og það hefði litið vel út en var ekki nýtt. Tógið hafi virtst þæft en ekki farið að slitna og mat hann styrkleika þess um 80%. Hann setti ekki afturfesti upp á bryggjupolla enda varð báturinn að liggja með skutinn við bryggjuhornið þar sem viðlegukanturinn var svo stuttur;
- að rennibandið var ekki sett upp af hafnaryfirvöldum heldur trillueigendum sem réru frá höfninni;
- að Sæfari BA var einungis bundinn í Sval BA.

### ***Nefndarálit:***

Orsök óhappsins var að renniband í bryggjunni slitnaði.